

Samhengið

Nú á tímum er margvísleg tölva- og upplýsingatækni nauðsynleg fyrir náms- og starfsráðgjafa, bæði til að safna upplýsingum og til veita fólki ráðgjöf. Það verður sífellt mikilvægara fyrir þá að kynna sér vel nýjustu tækni sem þeir geta notað sem stuðning í sínum daglegu störfum. Verið er að þróa nýjar aðferðir við framboð náms- og starfsráðgjafa og er þá oft lögð áhersla á þjónustu við hópa sem standa höllum fæti af landfræðilegum ástæðum eða þá sem glíma við líkamlega, andlega eða félagslega erfiðleika.

Við þurfum að bjóða upp á „hefðbundna“ þjónustu með nútíma tækni og einnig að bjóða upp á nýja gerð af þjónustu. Náms- og starfsráðgjafar eru vanir samskiptum við þjónustunotendur augliti til auglitis en hvernig geta þeir nýtt sér fjarþjónustu eins og til dæmis myndfundi? Hverju breytir slík tækni í þjónustunni við notendur? Er hægt að veita hana á annan hátt með hjálp tölva- og upplýsingatækni?

Innihald ráðgjafarinnar breytist ekki við það eitt að nota sér tölva- og upplýsingatækni, það er einungis aðferðin sem breytist. Fjarráðgjöf getur ekki aðeins minnkað kostnað yfirvalda við náms- og starfsráðgjöf, hún getur einnig bætt samskipti þegnanna með því að draga úr hinum hefðbundnu samskiptum sem felast í því að hitta ráðgjafann á einhverjum sérstökum stað.

Það er umhverfisvænt að draga úr ferðalögum fólks á milli staða, það dregur úr kostnaði og minnkar álag á umhverfið og getur bætt stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

Markmiðið

Verkefninu er ætlað að auka möguleika fólks á að fá vinnu og um leið að að auka hæfni náms- og starfsráðgjafa með því að bjóða þeim að vera með í að þróa nýjan búnað sem hægt er að nota við að bjóða náms- og starfsráðgjöf í eigin landi og erlendis. Ókeypis fjölrása búnaður sem kallast WISP: Web-based Integrated Services Platform eða Sambættur þjónustugrunnur á netinu gerir þeim kleift að koma á framfæri upplýsingum, góðum ráðum og aðstoð með því að nýta sér nýjustu tölva- og upplýsingatækni t.d. myndfundi, tölvupóst, spjallrásir og spjallsíður.


Þjónustunotendur geta nýtt sér þess þjónustu að heiman úr venjulegum tölvum, úr eGOS þjónustustöndum og úr sérstökum tölvum sem settar hafa verið upp í þessum tilgangi.



Frumgerð eGOS kerfisins verður notuð með hefðbundinni náms- og starfsráðgjöf. Þeir notendur sem ekki vilja fjarþjónustu fá ráðgjöf og hjálp á hefðbundinn hátt eins og alltaf. Þannig mun ekki myndast nein stafræn vík, þvert á móti vera neytendur smátt og smátt þjálfaðir og upplýstir á meðan á verkefninu stendur.

Aðferðin

Framboð eGOS þjónustu og samskiptaðferðir



Ráðgerðar aðgerðir

Að sambætta hefðbundna náms- og starfsráðgjöf og nýja tækni og ná þannig til hóps sem stendur höllum fæti af margvíslegum ástæðum og hefur lítinn eða engan aðgang að náms- og starfsráðgjöf eins og hún hefur hingað til verið veitt.

Að veita mjög notendamiðaða og faglega ráðgjöf. **Að bæta** og styðja möguleika fólks til að sækja sér menntun og störf í öðrum löndum. **Að draga** úr kostnaði við hefðbundna náms- og starfsráðgjöf þegar til lengri tíma er litið.

Að einfalda stjórnarhætti bæði til skemmri og lengri tíma. **Að þjálf** náms- og starfsráðgjafa í að nota tölvu- og upplýsingatækni við ráðgjöf með frekari útbreiðslu hennar í huga. **Að þjálf** og upplýsa þjónustunotendur um þau not sem þeir geta haft af eGOS kerfinu.

Að prófa frumgerð búnaðar sem seldur verður eftir að verkefninu lýkur bæði til einkaaðila og opinberra stofnana, ekki aðeins á sviði ráðgjafar heldur á öllum sviðum stjórnsýslu (t.d. í heilsugæslu, félagsþjónustu og samgöngum).

Að auka meðvitund þeirra sem taka ákvarðanir um gildi tölva- og upplýsingatækni með ýmsum viðburðum á meðan á verkefninu stendur.

Að taka þátt í að breyta hugarfari náms- og starfsráðgjafa þegar til lengri tíma er litið og sannfæra þá um gildi þess að nota upplýsingatækni í sínum daglegu störfum.



Taktu þátt í frábæru verkefni



Fjarráðgjöf um nám og störf sem byggist á notkun tölva- og upplýsingatækni: ný lausn rafrænni í opinberri þjónustu fyrir alla.



e-GOS verkefnið sem stutt er af Evrópusambandinu hóst í nóvember 2008 og því líkur í október 2011. Það byggist á samþættri notkun hug- og vélbúnaðar og framboði náms- og starfsráðgjafar.

Hugbúnaður: Ókeypis hugbúnaður sem kallaður er WISP (Web-based Integrated Services Platform - eða Samþættur þjónustugrunnur á netinu) er notaður við ráðgjöfina.

Vélbúnaður: Þjónustustandar verða settir upp á afskekktum svæðum þar sem lítin eða engin hefðbundin ráðgjöf er í boði t.d. í þjónustumiðstöðvum (á vinnumiðlunum eða í háskólum) þannig að fólk geti fengið ráðgjöf utan hefðbundins opnunartíma ráðgjafamiðstöðva og á öðrum opinberum stöðum (t.d. í íþróttamiðsvöðvum eða hjá verslunarráðum). Þjónustunotendur geta nýtt sér standana í stað þess að sækja um hefðbundna ráðgjöf.

Framboð efnis: Ráðgjafar verða þjálfaðir í að bjóða notendamiðaða ráðgjöf. Innihaldið og samskiptin verða á WISP vefnum. Þjónustunotendur geta nýtt sér kerfið að heiman úr tölvum sínum, úr þjónustustöndum eða úr sérstökum tölvum sem komið hefur verið upp.



PROVINCIA DI AREZZO
Héraðsstjórnin í Arezzo
 verkefnisstjórn Ítalíu

Að verkefninu standa 22 opinberir og einkaaðilar frá Búlgaríu, Íslandi, Ítalíu, Rúmeníu og Spáni. Verkefnisstjórn er í höndum héraðstjórnar Arezzo héraðs á Ítalíu sem hefur mikinn áhuga á verkefnishugmyndinni enda enda ber henni að koma upp nothæfri og öflugri þjónustu sem styður þátttöku þegnanna í stjórnsýslu og eykur atvinnu. Lykilaðilar eGOS verkefnisins eru Melius (fjölþjóðlegt fyrirtæki sem ber ábyrgð á innihaldi ráðgjafarinnar og aðferðarfræðinni). LYNX, Totem og MasterStudio. Þessi fyrirtæki hafa búið til þann hug- og vélbúnað sem notaður verður í verkefninu og munu selja hann að þegar prófun hans er lokið í aðildarlöndum verkefnisins.

MELIUS
 tæknistjórn og alþjóðleg samvinna lykilaðili innihald/ aðferðy Ítalíu

LYNX
 lykilaðili hugbúnaður Ítalíu

MasterStudio
 hönnun/samskipti/dreifing upplýsinga Ítalíu

TOTEM
 DreamKiosk Ítalíu

gi.O.C
 Asociația Ítalíu

Viðskiptaráð Jaén
 prófun kerfis Spáni

City Hall of Iasi
 prófun kerfis Rúmenía

Studio e Progetto 2
 Asociația Ítalíu

Polymetis
 úttekt Búlgaría

O.R.SO.
 Asociația socială Ítalíu

ECMIS
 Agencia Estatal de Tecnología de la Información y la Comunicación Búlgaría

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, Evrópumíðstöð náms og starfsráðgjafa
 kerfis prófun Íslandi

Þekkingarnet Austurlands
 þjálfun ráðgjafa Íslandi

Hafnarfjarðarbær
 úttekt Íslandi

Znanie
 stofnunin í Sófiu Búlgaría

Hérðasstjórnin í Vila-real
 prófun kerfis Spáni

Vila-real
 borgarstjórnin í Vila-Real Spáni

iCentres
 samtökin Búlgaría

En.A.P.
 þjálfun ráðgjafa Ítalíu

Tvö atriði njóta forgangs í verkefninu.

AUKNIR ATVINNUMÖGULEIKAR ÞJÓNUSTUNOTENDA. Þessu atriði á að ná með náms- og starfsráðgjöf. Þjónustunotendur munu auka þekkingu sína og færni á mismunandi sviðum og verða þannig hæfari atvinnuleitendur.

AUKIN HÆFNI NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA. Þeir verða þjálfaðir í að nota tölvu- og upplýsingatækni. Þeir munu nota eGOS búnaðinn bæði á meðan á verkefninu stendur og eftir að því lýkur.

Niðurstöður verkefnisins munu liggja fyrir að loknum tveggja ára prófunum og með stöðugri eftirfylgni með því sem fram fer.



Frekari upplýsingar (ýmis rit, póstlistar, góð ráð, fréttabréf, upplýsingar um aðila verkefnisins) eru á vef eGOS verkefnisins:

www.egos-cip.eu

einnig má senda okkur póst á info@egos-cip.eu